

Kaup N1 hf. (hér eftir N1) á öllu hlutafé í Festi hf. (hér eftir Festi) felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið og N1 hafa gert með sér eftirfarandi sátt skv. 17. gr. f samkeppnislaga. Í henni felst að N1 skuldbindur sig til að hlíta eftirfarandi skilyrðum í starfsemi sinni, sbr. einnig 17. gr. c samkeppnislaga.

I. kafli. Almenn ákvæði

1. gr.

Þörf á íhlutun

Að óbreyttu hindrar samruni þessa máls virka samkeppni. Því er nauðsynlegt að grípa til íhlutunar sem að lögum getur falið í sér ógildingu hans eða setningu skilyrða. Samkeppniseftirlitið og N1 eru sammála um að unnt sé í þessu máli að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans með setningu skuldbindandi skilyrða.

2. gr.

Markmið og meginefni skilyrða

Markmið þessarar sáttar, og þeirra skilyrða sem í henni felast, er að tryggja virka samkeppni á þeim mörkuðum sem samruninn tekur til. Til að ná þessu markmiði hafa þau fyrirmæli sem fram koma í sátt þessari eftirfarandi megintilgang:

- a) Að auka aðgengi að heilidsölu og birgðarými eldsneytis.
- b) Að efla samkeppni milli aðila sem selja dagvörur í smásölu og aðila sem selja eldsneyti í smásölu.
- c) Að vinna gegn skaðlegum áhrifum af sameiginlegu eignarhaldi á fyrirtækjum á mörkuðum málsins.

II. Aukið aðgengi að heilidsölu og birgðarými eldsneytis

3. gr.

Gildissvið kafa

Ákvæði þessa kafa skulu eiga við um viðskipti N1 við nýja aðila og aðila sem hafa lága markaðshlutdeild hér á landi. Skulu ákvæðin ekki ná til olúfélaga sem starfandi eru á Íslandi við undirritun þessarar sáttar um og hafa þegar komið sér upp dreifi- og birgðakerfi. Skal ákvæði um birgðarými og dreifingu aðeins ná til eldsneytis fyrir bifreiðar.

4. gr.

Aukið aðgengi að heilidsölu eldsneytis

N1 skal selja þeim endurseljendum sem eftir því leita eldsneyti í heilidsölu á viðskiptalegum grunni. N1 er skylt að gæta jafnræðis og hlutlægni gagnvart þeim endurseljendum sem kaupa eldsneyti af félaginu í heilidsölu.

Skal sérstaklega tilnefndum starfsmanni N1 falið að annast samskipti við endurseljendur vegna heilidsöluviðskipta og vera tengiliður við hugsanlega viðskiptavini. Skal þeim tengilið vera óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. stjórnarmönnum og eigendum félagsins upplýsingar um viðskiptakjör einstakra

endurseljenda, sem eiga í samkeppni við N1. Skal viðhöfð aðgangsstýring að upplýsingakerfum N1 sem tryggir að slíkar upplýsingar um viðskipti félagsins við endurseljendur berist ekki til þessara aðila.

Tengilið endurseljenda er óheimilt að greina öðrum starfsmönnum N1 frá fyrirspurnum eða umsóknum um heildsöluviðskipti. Hið sama gildir um hvers konar aðrar upplýsingar sem tengiliðurinn býr yfir og geta gefið til kynna fyrirætlanir og starfsemi keppinauta N1. Tengiliðnum skal heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga til tilboðsgerðar og upplýsa þá starfsmenn N1 sem annast afgreiðslu viðskiptavina um viðskiptin eftir að þau hafa komist á.

Skal N1 útbúa starfslýsingu fyrir tengilið, þar sem a.m.k. er mælt fyrir um eftirfarandi:

- Trúverðuga verkferla og úrræði sem gera tengilið skylt og kleift að starfa í samræmi við markmið þessarar sáttar.
- Trúverðuga verkferla og úrræði sem tryggja að viðkvæmar upplýsingar frá endurseljendum, sem eiga í samkeppni við N1, berist ekki til annarra starfsmanna N1.
- Trúnaðaryfirlýsingu, sem tengiliður skal undirrita með yfirlýsingu um þagnarskyldu og trúnað.

5. gr.

Aðgengi að birgðarými hjá Olíudreifingu

Fyrir liggur að N1 fer ekki eitt með yferráð yfir Olíudreifingu og ber að skoða neðangreind skilyrði í því ljósi. N1 skal, sem annar eigandi Olíudreifingar, beita atkvæðisrétti sínum innan Olíudreifingar á þann hátt að aðgengi endurseljenda bifreiðaeldsneytis að birgðarými hjá félaginu verði greiðara. Þá mun N1 leggja fram og styðja þá tillögu að breyttum starfsháttum Olíudreifingar sem fylgir með sátt þessari í viðauka. Er tillögunni ætlað að styðja þá stefnu að Olíudreifing bjóði þeim sem eftir leita að nýta birgðarými félagsins á viðskiptalegum forsendum, í samræmi við mat stjórnenda Olíudreifingar hverju sinni, t.a.m. með þeim hætti að endurseljendum standi til boða að taka á leigu tiltekið hlutfall birgðarýmis gegn greiðslu leigugjalds.

Í tillögunni sem N1 mun leggja fram og styðja felst að settar verða reglur sem tryggi að jafnræðis og hlutlægni sé gætt gagnvart þeim sem leigja birgðarými af Olíudreifingu. Verð fyrir leigu á birgðarými skuli taka mið af hlutlægum mælikvörðum, svo sem umfangi viðskipta, rekstraráhættu sem tengd er hverjum viðskiptavin og kröfum viðskiptavina s.s. vegna bætiefna, VRU, blandana og aukins opnunartíma. Í verðinu verði einnig tekið tillit til eðlilegrar arðsemiskröfu Olíudreifingar til að tryggja að arðsemi eigin fjár sé eðlileg og að fjárfestingaþörf sé uppfyllt og viðhald og öryggi birgðastöðva sé tryggt. Þá verði Olíudreifingu óheimilt að mismuna viðskiptavinum sínum nema til þess standi sannanlegar málefnalegar ástæður.

N1 skal beita sér fyrir að stjórnarmenn og allir starfsmenn Olíudreifingar undirriti yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu er varðar upplýsingar um viðskipti þriðju aðila við Olíudreifingu og skulu tryggja að slíkar upplýsingar berist ekki til eigenda félagsins.

Að öðru leyti gilda samkeppnislög um starfsemi félagsins sem og skilyrði ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 23/1995, m.a. um ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar um starfsemi eigenda félagsins fari ekki á milli eigenda fyrir tilstilli stjórnarmanna og starfsmanna Olíudreifingar.

III. Aðgerðir til eflingar samkeppni í sölu dagvöru og eldsneytis

6. gr.

Sala á eldsneytisstöðvum

N1 skal í kjölfar undirritunar sáttar þessarar selja frá sér eldsneytisstöðvar (hér „stöðvarnar) eins og nánar greinir í ákvæði þessu ásamt vörumerkið „Dælan“ til nýrra óháðra aðila á eldsneytismarkaði. Skal allt markaðsefni og annað sem vörumerkinu tengist fylgja með í sölnni. Nánar tiltekið skal eftirfarandi fylgja með að lágmarki:

- Eldsneytisstöð rekin undir merkjum Dælnnar við Fellsmúla, eldsneytisstöð rekin undir merki N1 við Hæðarsmára 8 og eldsneytisstöð rekin undir merki N1 við Salaveg ásamt öllum réttindum sem N1 ræður yfir varðandi þær lóðir þar sem stöðvarnar eru á og allt það lausafé sem á þeim er og nauðsynlegt er til áframhaldandi rekstrar að frátöldum merkingum þar sem vörumerkið N1 kemur fyrir.

Þá skal eftirfarandi fylgja með í kaupunum nema kaupandi afþakki:

- Allt lausafé sem tengist starfsemi Dælnnar sérstaklega, þar með talið skilti og merkingar við Dælustöðvar sem ekki eru seldar hér með.
- Allt markaðsefni sem tengist Dælnni og réttindi yfir því og viðskiptasambönd við auglýsingastofur sem hafa séð um að útbúa markaðsefnið og halda við samfélagsmiðlum.
- Samningur við Olíudreifingu um dreifingu á eldsneyti til Dælnnar ásamt leigu á birgðarými.
- Samningur við N1 um sölu á eldsneyti í heildsölu. Skal verð vera í samræmi við verð á eldsneyti í heildsölu. Liggja skilmálarnir fyrir við undirritun sáttar þessar og skulu þeir gilda um viðskiptin í fimm ár hið minnsta.
-
- Samningur við N1 og/eða Olíudreifingu um að veita Dælnni nauðsynlega tækniþjónustu

7. gr.

Sala á verslun Festar á Hellu

Í því skyni að auka samkeppni utan höfðborgarsvæðisins skuldbindur N1 sig til þess að grípa til eftirfarandi ráðstöfunar:

1. Selja rekstur verslunar Kjarvals á Hellu.

Skal selja verslunina ásamt öllum innréttingum og vörum sem í henni eru. Skal kaupandi jafnframt hafa val um að taka yfir samninga við starfsmenn verslunarinnar.

8. gr.

Fyrri og seinna sölutímabil

Skal N1 hafa forræði á sölu eignanna á fyrra sölutímabili sem skal standa yfir í [...]¹. Skal sjálfstæðum söluaðila falið að annast sölu eignanna á síðara sölutímabili sem skal standa í [...]² frá lokum fyrra sölutímabilsins.

¹ Trúnaðarmál

² Trúnaðarmál

9. gr.

Verðmæti hins selda

N1 skal ekki fyrir sölu eignanna, grípa til aðgerða í því skyni að hafa neikvæð áhrif á verðmæti eða seljanleika hins selda.

10. gr.

Rekstrarleg aðgreining

Skal N1 aðgreina rekstur stöðvanna og verslunar Kjarvals á Hellu í rekstri sínum við undirritun sáttar þessarar og halda sérstakt bókhald fyrir þær, bæði fyrir stofn- og rekstrarkostnað, sem kynna má fyrir væntanlegum kaupendum. Skal óháðum kunnáttumanni falið að hafa eftirlit með því að reksturinn sé aðgreindur og í eðlilegu horfi. Skal N1 sérstaklega gæta þess að upplýsingum um hinar seldur eignir sé haldið aðgreindum í tölvukerfum N1 auk þess sem N1 skal koma sér upp aðgangsstýringu sem kemur í veg fyrir að aðrir starfsmenn er þeir sem sinna málefnum stöðvanna, Dælunnar eða Kjarvals hafi aðgang að upplýsingunum.

11. gr.

Mat á tilboðum og kaupendum

Kaupandi eða kaupendur hins selda skulu vera óháðir samrunaaðilum, hafa fullnægjandi þekkingu á hinum selda rekstri og hafa fullnægjandi aðgang að fjármagni til þess að kaupa þeir eignir sem boðnar eru til sölu. Kaupendur stöðvanna skulu ekki vera starfandi á eldsneytismarkaði.

Skal N1 á fyrra sölutímabili hvað varðar stöðvarnar ekki skylt að ganga að öðrum tilboðum en þeim sem félagið telur fýsileg. Við mat á tilboðum skal líta til verðs, hæfi kaupenda og þess hversu líklegt það sé að þeir muni efla samkeppni á markaði. Skal halda óháðan kunnáttumann upplýstum um framgang söluférlisins.

Kaupsamning skal bera undir Samkeppniseftirlitið sem skal vera heimilt að synja N1 um söluna eyði hún ekki samkeppnislegum vandamálum eða brjóti í bága við skilyrði þessi.

12. gr.

Framlenging

Samkeppniseftirlitið getur, telji það ástæðu til, framlengt fyrra sölutímabilið svo sem ef samningar eru langt komnir, ástæða er til þess að ætla að samningar geti náðst eða af öðrum ástæðum sem Samkeppniseftirlitið metur fullnægjandi.

13. gr.

Síðara sölutímabil

Hafi annað hvort stöðvarnar eða verslun Kjarvals á Hellu ekki selst á fyrra sölutíma skal skipaður söluaðili. Skal það gert áður en fyrra sölutímabili er lokið. Má skipa hvort heldur sem er einstakling eða lögaðila. Skal viðkomandi vera lögráða, fjár síns ráðandi og má ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld sé um einstaklinga að ræða.

Skal söluaðili hafa reynslu af viðskiptum með fyrirtæki eða eignir sambærilegar því sem selja skal. Skal söluaðili skipaður af Samkeppniseftirlitinu eftir ábendingu samrunaaðila. Sinni söluaðili ekki skyldum sínum skal Samkeppniseftirlitið þegar í stað skipa nýjan. Söluaðili skal vera óháður samrunaaðilum þannig

að ekki séu stjórnunar- eða eignatengsl á milli hans og samrunaaðila. Þá skal söluaðilinn ekki hafa unnið ráðgjafarstörf fyrir samrunaaðila tvö síðustu árin fyrir undirritun sáttar þessarar.

Hlutverk söluaðila er að tryggja að markmiðum sáttar þessarar verði náð. Skal hann sjá um að selja stöðvarnar og/eða verslun Kjarval hvort í sínu lagi eða saman reynist áhugi fyrir því. Skal söluaðili leitast við að fá fram sem hagstæðasta söluskilmála fyrir söluandlagið en jafnframt tryggja að markmiðum ákvörðunar þessarar verði náð.

Samkeppniseftirlitið skal upplýst um öll tilboð sem berast. Nú berst tilboð sem að mati Samkeppniseftirlitsins er ásættanlegt og útséð er um að betra tilboð berist og getur þá Samkeppniseftirlitið ákveðið að því tilboði skuli tekið, þó að fenginni afstöðu N1. Kaupsamning skal bera undir Samkeppniseftirlitið sem skal vera heimilt að synja N1 um söluna eyði hún ekki samkeppnislegum vandamálum eða brjóti í bága við skilyrði þessi.

14. gr.

Kostnaður

Kostnaður sem til fellur vegna söluaðila skal greiddur af samrunaaðilum.

15. gr.

Leiga á aðstöðu

Í því skyni að auka samkeppni á höfuðborgarsvæðinu skuldbindur N1 sig til þegar leigusamningur Atlantsolíu á Bíldshöfða 20 rennur út að bjóða út rekstur afgreiðslunnar til óháðs þriðja aðila. Skuldbindur N1 sig jafnframt til þess að setja ekki upp afgreiðslu við Bíldshöfða 20.

N1 skal auglýsa aðstöðuna til leigu áður en gildandi leigusamningur Atlantsolíu rennur út. Við mat á tilboðum skal meta leiguverð, fjárhagslegan styrk bjóðenda ásamt því hversu líklegir viðkomandi aðilar eru til þess að efla samkeppni á markaði. Leiguverð skal vera í formi fastra reglulegra greiðslna og skilmálar að öðru leyti vera málefnalegir.

Leigusamningur skal vera til að lágmarki tíu ára í senn. Við lok leigusamningsins skal heimilt að framlengja samninginn um fimm ár. Að þeim tíma liðnum skal N1 auglýsa viðkomandi aðstöðu á nýjan leik.

Óháður kunnáttumaður skal fara yfir þau tilboð sem berast og mat N1 á þeim. Skal N1 endurmeta tilboðin geri kunnáttumaðurinn athugasemdir við mat N1.

Nú berast engin tilboð í viðkomandi rekstur og skal N1 þá reka hann áfram en auglýsa til leigu að nýju ári síðar. Komi til þess að leigutaki verði gjaldþrota eða geti af einhverjum ástæðum ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt leigusamning skal N1 heimilt að taka yfir viðkomandi afgreiðslu og reka til loka leigutímans. Að þeim tíma liðnum skal N1 auglýsa reksturinn til leigu á ný.

Skal N1 ekki skylt að taka tilboðum sem eru óviðunandi.

Yfirráð yfir Bíldshöfða 20 eru ekki aðeins í höndum N1. Náist um það samkomulag við meðeiganda Bíldshöfða 20 skal N1 heimilt að selja kaupanda stöðvanna rétt til hagnýtingu aðstöðunnar á Bíldshöfða 20 ásamt öðrum eignum sem seldar eru skv. ákvæði 6. gr.

IV. Sjálfstæði N1

16. gr.

Samkeppnisstefna

N1 skal setja félaginu samkeppnisstefnu sem skal lögð fyrir hluthafafund til samþykktar. Skal í stefnunni kveðið á um háttsemi stjórnar og starfsmanna félagsins, skyldur félagsins samkvæmt sátt þessari og samkeppnislögum og fela í sér háttensisreglur fyrir hluthafa N1.

17. gr.

Samkeppnisréttaráætlun

N1 skal tryggja að stjórnarmenn, stjórnendur og aðrir starfsmenn félagsins, sem félagið telur sátt þessa varða, séu að fullu upplýstir um sáttina og þær kröfur sem af henni leiða. Í þessu skyni skulu ákvæði sáttarinnar samþætt samkeppnisréttaráætlun N1. Skal áætlunin uppfærð reglulega. Stjórn N1 og framkvæmdastjórn skal undirrita yfirlýsingu og afhenda Samkeppniseftirlitinu afrit. Í henni skal koma eftirfarandi fram:

- a. Að viðkomandi hafa kynnt sér efni sáttarinnar og lýsi því yfir að hann eða hún muni starfa eftir henni.
- b. Að viðkomandi muni beita sér fyrir því, eftir því sem staða hans eða hennar leyfir, að innan N1 verði gripið til vandaðra ráðstafana (t.d. með skilgreindu verklagi eða ferlum) sem ætlað er að tryggja að í daglegri starfsemi fyrirtækisins sé fyrirmælum þessarar sáttar fylgt

18. gr.

Samkeppnislegt sjálfstæði stjórnar og lykilstarfsmanna

Stjórnarmenn og lykilstarfsmenn N1 skulu ekki vera tengdir keppinautum fyrirtækisins í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eigið eignarhald. Sama á við um maka eða sambúðarmaka framangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Aðilar sem sinna reglubundið hagsmunagæslu eða ráðgjafarstörfum fyrir keppinauta N1 skulu ekki sitja í stjórn N1. Með lykilstarfsmanni er átt við einstakling í stjórnunarstarfi sem telst vera fruminnherji í N1 á hverjum tíma.

Skal N1 mæla fyrir um meðferð trúnaðarupplýsinga í starfsreglum stjórnar og gæta að því að upplýsingakerfi sem stjórn félagsins hefur aðgang að innihaldi aðeins þau gögn sem stjórn eru nauðsynleg vegna starfa sinna.

19. gr.

Eignarhlutir hluthafa N1 í keppinautum raski ekki samkeppni

N1 skal tryggja eftir því sem kostur er að hagsmunir, sem kunna að leiða af eignarhlutum hluthafa sem jafnframt eiga eignarhlut í keppinautum félagsins, hafi ekki áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru varðandi rekstur N1 og hegðun á markaði. Í samkeppnisréttaráætlun skal kveðið á um skyldur stjórnarmanna og lykilstarfsmanna að þessu leyti.

Stjórn og lykilstarfsmenn N1 skulu haga samskiptum sínum við hluthafa félagsins með þeim hætti að ekki skapist hætta á að samkeppni sé raskað. M.a. skal tryggja að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist ekki til hluthafa sem jafnframt eiga eignarhlut í keppinautum N1.

V. Önnur atriði

20. gr.

Óháður kunnáttumaður

N1 skal innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar sáttar tilnefna óháðan kunnáttumann. Fallist Samkeppniseftirlitið á tilnefninguna skal Samkeppniseftirlitið skipa kunnáttumanninn til þriggja ára. Hafni Samkeppniseftirlitið tilnefningunni skal N1 tilnefna nýjan kunnáttumann innan tveggja vikna. Skal óháði kunnáttumaðurinn vera ótengdur N1.

Hlutverk kunnáttumans er að hafa eftirlit með að því að skilyrðum í sátt þessari sé fylgt eftir. Skal kunnáttumaður sérstaklega fylgjast með því að ákvæðum sáttarinnar sem ætlað er auðvelda innkomu nýrra aðila inn á markaðinn sé fylgt í samræmi við efni þeirra og markmið sáttarinnar. Nýjum aðilum í skilningi sáttarinnar er heimilt að leita liðsinnis og leiðbeiningar kunnáttumans í samningaviðræðum við N1.

Skal kunnáttumaðurinn fylgjast með rekstri Dælunnar og verslun Kjarvals á Hellu með reglubundnum hætti á meðan sölutilraunir standa yfir. Skal hann jafnframt fylgjast með framvindu söluférlisins.

Sinni óháði kunnáttumaðurinn ekki skyldum sínum skal Samkeppniseftirlitið þegar í stað skipa nýjan.

N1 ber allan kostnað af starfi kunnáttumans. Skal N1 veita kunnáttumanni allar nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð til að tryggja að hann geti sinnt hlutverki sínu. Náðar skal mæla fyrir um eftirlit kunnáttumans í samningi hans við N1. Samningur við kunnáttumann skal borinn undir Samkeppniseftirlitið.

21. gr.

Endurskoðun

N1 skal heimilt að óska eftir framlengingu á þeim frestum sem settir eru í ákvörðun þessari. Skal óskað eftir framlengingu eigi síðar en mánuði áður en þeir renna út nema upp komi sérstakar aðstæður fyrir lok frests. Skal beiðni um framlengingu vera rökstudd og með henni skal fylgja álit óháðs kunnáttumans.

VIÐAUKI VIÐ SÁTT
Tillaga til hluthafafundar Olíudreifingar ehf.

Olíudreifingu skal veita þjónustu tengda bifreiðaeldsneyti þeim aðilum sem eftir því óska á sanngjörnum og eðlilegum kjörum. Nánar til tekið skal eftirfarandi gilda um veitingu þjónustunnar:

1. Verðskrá

1. Olíudreifing skal setja verðskrá sem byggð er á kostnaði við að veita þjónustuna. Skulu magnafslættir og aðrir afslættir byggja á viðskiptalegum forsendum svo sem auknu hagræði við að afgreiða mikið magn í einu.
2. Verðskrá skal taka mið af þáttum á borð við umfang viðskipta, rekstraráhættu sem tengd er hverjum viðskiptavin og kröfum viðskiptavina s.s. vegna bætiefna, VRU, blandana og aukins opnunartíma. Í verðinu verði einnig tekið tillit til eðlilegrar arðsemiskröfu Olíudreifingar til að tryggja að fjárfestingaþörf sé uppfyllt og viðhald og öryggi birgðastöðva og dreifikerfis sé tryggt.
3. Verðskráin skal vera aðgengileg og gagnsæ.
4. Skal sama verðskrá gilda fyrir hluthafa Olíudreifingar og aðra viðskiptavini Olíudreifingar.

2. Þjónustustig

1. Skal þjónusta Olíudreifingar veitt á jafnræðisgrundvelli þannig að afgreiðsluhraði, skilmálar og þjónustustig sé hið sama.
2. Skal öll þjónusta Olíudreifingar sem tengist bifreiðaeldsneyti standa hverjum sem er til boða, þar með talið dreifing og birgðahald.
3. Skal Olíudreifing ekki mismuna viðskiptavinum nema til þess standi sannarlega málefnalegar ástæður.
4. Skal Olíudreifing ekki miðla neinum upplýsingum sem félagið kann að búa yfir til hluthafa eða annarra viðskiptavina félagsins. Skal engum upplýsingum um fyrirsurnir tilvonandi viðskiptavina miðlað til þriðju aðila.

3. Birgðarými

1. Olíudreifing skal gæta þess að nægilegt birgðarými sé fyrir hendi til þess að þjónusta alla viðskiptavini félagsins með bifreiðaeldsneyti.
2. Skal Olíudreifing bjóða viðskiptavinum að leigja ákveðið magn birgðarýmis til lengri tíma ef eftir því er óskað. Skal þess gætt að með því sé ekki dregið úr möguleikum Olíudreifingar til þess að þjónusta aðra viðskiptavini félagsins.

4. Skilyrði fyrir veitingu þjónustu

1. Olíudreifingu skal aðeins heimilt að setja það sem skilyrði fyrir viðskiptum að fullnægjandi leyfi og nauðsynlegar tryggingar séu til staðar hjá kaupenda. Skal einnig heimilt að meta greiðsluhæfi tilvonandi viðskiptavina og setja greiðslufresti til samræmis við greiðsluhæfi þeirra.
2. Olíudreifingu skal heimilt að segja upp viðskiptum komi upp veruleg vanefnd á skilmálum félagsins svo sem vegna verulegra vanskila.

5. Viðskipti við hluthafa

1. Viðskipti Olíudreifingar við hluthafa skulu vera líkt og um ótengda aðila sé að ræða.

6. Annað

1. Olíudreifing skal upplýsa starfsmenn um samþykkt þessa og gæta þess að gerðar séu viðeigandi breytingar í verklagi.
2. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu undirrita yfirlýsingu þess efnis að þeir hafi kynnt sér samþykkt þessa svo og sátt hluthafa félagsins við Samkeppniseftirlitið.
3. Óháður kunnátumaður sem hafa skal eftirlit með sátt Samkeppniseftirlitsins við hluthafa skal heimilt að óska eftir upplýsingum um viðskipti Olíudreifingar við þriðja aðila til þess að meta hvort skilyrði viðkomandi sáttu sé fullnægt.